

Bygging nýs fangelsis í Reykjavík

Saga sem vonandi sér brátt fyrir endann á.

Árið 1960 fól dómsmálaráðuneytið Valdimari Stefánssyni sakadómara að gera áætlun um að koma fangelsismálum í nútímalegt horf hér á landi. Skilaði Valdimar skýrslu til ráðuneytisins sama ár og lagði til að byggt yrði ríkisfangelsi í Korpúlfsstaðalandi en þar yrði, auk venjulegrar afplánunardeildar, gæsluvarðhaldsdeild, kvennadeild, öryggisgæsludeild og “geðveilladeild”. Á árinu 1961 voru samþykkt ný lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þar sem ákveðið var að stofna ríkisfangelsi með rými fyrir áðurnefndar deildir.

Árið 1965 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem gerði að tillögu sinni að gæsluvarðhaldsdeild yrði utan ríkisfangelsisins og hún staðsett við Síðumúla í Reykjavík. Ekki varð af byggingu ríkisfangelsis í Korpúlfsstaðalandi en fangageymslum lögreglunnar í Reykjavík að Síðumúla 28 var breytt í gæsluvarðhaldsfangelsi sem starfsrækt var þar til 1996.

Dómsmálaráðuneytið hélt áfram að falast eftir hentugri lóð fyrir fangelsi í Reykjavík og vinna að undirbúningi byggingar nýs gæsluvarðhaldsfangelsis er koma skyldi í stað Hegningarhússins við Skólavörðustíg og Fangelsisins Síðumúla 28 í Reykjavík. Árið 1974 veitti Reykjavíkurborg vilyrði fyrir lóðinni við Tunguháls 6 og gerði Húsameistari ríkisins frumtillögu að byggingu sem unnið var eftir. Í lok árs 1976 samþykkti samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að verkið færi til áætlunargerðar. Tilboð voru opnuð í framkvæmdir við grunn og botnplötu hússins 1978 og lauk því verki á árinu. Vegna fjárskorts varð hins vegar ekki af frekari framkvæmdum.

Árið 1991 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, nefnd til að gera úttekt á fangelsismálum og skila tillögum til framtíðar. Nefndin skilaði skýrslu í mars 1992. Ein megingtillagan var sú að reist yrði nýtt afplánunar- og gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík en Litla-Hraun yrði fyrst og fremst afplánunarfangelsi fyrir langtímafangasem stunduðu fangavinnu eða nám. Þessi tillaga hlaut ekki hljómgrunn en ný bygging var reist á Litla-Hrauni og fangaplássum fjölgað þar.

Árið 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að annast áætlunargerð um byggingu gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsis á lóðinni númer 6 við Tunguháls í Reykjavík. Nefndin var leyst frá störfum síðla árs 1996. Í beinu framhaldi af því var skipaður

starfshópur sem falið var að hafa umsjón með frumathugun, áætlanagerð og framkvæmdum við nýtt gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi að Tunguhálsi 6 í Reykjavík svo og að standa fyrir samkeppni meðal arkitekta um bygginguna og skipulag lóðar. Vorið 1998 skilaði nefndin formlega af sér og lagði til að byggt yrði nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi að Tunguhálsi 6 fyrir 30 fanga. Í öðrum áfanga yrði hugað að nýju afplánunarfangelsi. Lagt var til að þarfagreiningu lyki haustið 1998, samkeppni færi fram í ársbyrjun 1999, útboð haustið 1999 og að framkvæmdir hæfust þá og þeim lyki síðla árs 2001. Ekki varð af framkvæmdum.

Vorið 2001 kallaði dómsmálaráðuneytið saman hóp til að taka upp þráðinn og ræða undirbúning að gerð nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu en haustið 2001 var Fangelsismálastofnun ríkisins falið að vinna að frekari undirbúningi verkefnisins. Með bréfi, dags. 21. desember 2001, tilkynnti Borgarskipulag Reykjavíkur að úthlutað hefði verið lóð fyrir fangelsi á Hólmsheiði, norðan Suðurlandsveggar. Áfram var unnið að þarfagreiningu í Fangelsismálastofnun fyrri hluta árs 2002. Þáverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir fól Framkvæmdasýslu ríkisins síðar sama ár að gera kröfu- og þarfalýsingu fyrir alútboð vegna gæsluvarðhalds- og móttökufangelsis á Hólmsheiði fyrir um 50 fanga. Í apríl 2004 skilaði starfshópur, sem Framkvæmdasýslan myndaði, drögum fyrir alútboð og var þar gert ráð fyrir byggingu gæslu- og afplánunarfangelsis en byggingin átti að kosta um 1,6 milljarða króna.

Í maí 2004 gaf dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, Fangelsismálastofnun færi á að skoða hugmyndir um byggingu hins nýja fangelsis en þá hafði verið skipaður nýr forstjóri yfir stofnunina. Fangelsismálastofnun skilaði dómsmálaráðherra skýrslu, dags. 12. október 2004, sem bar heitið: “Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna”. Taldi stofnunin að fyrri hugmyndir um hið nýja fangelsi leystu ekki vandann varðandi afplánun kvenfanga, skort á opnum fangelsisplássum auk þess sem taka þyrfti sérstakalega á afplánun vímuefnaneytenda. Stofnunin lagði til heildarlausn varðandi uppbyggingu fangelsanna sem fólst í eftirfarandi:

- Að stækka Fangelsið Kvíabryggju úr 14 í 22 pláss.
- Að Fangelsið Akureyri yrði endurbyggt og það jafnframt stækkað þannig að þar yrðu 10 pláss.
- Að ráðast í verulegar endurbætur og nýbyggingar á Fangelsinu Litla-Hrauni.
- Að byggja nýtt fangelsi á Hólmsheiði sem móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi þar sem lögð væri áhersla á meðferðardeildir.

Gert var ráð fyrir að kvenfangar gætu vistast í öllum fangelsunum og lagt til að Hegningarhúsið og kvennafangelsið í Kópavogi yrðu lögð niður.

Dómsmálaráðherra fól stofnuninni frekari vinnslu þessara hugmynda og 14. mars 2005 skilaði hún framkvæmdaáætlun varðandi uppbyggingu fangelsanna.

Þann 22. mars 2005 var áætlun Fangelsismálastofnunar um uppbyggingu fangelsanna samþykkt í ríkisstjórn og var ákveðið að fela dómsmála- og fjármálaráðuneytinu frekari útfærslu. Þann 25. maí sl. funduðu dómsmála- og fjármálaráðherra ásamt embættismönnum þar sem eftirfarandi var ákveðið:

- Gerðar yrðu endurbætur á Akureyri og Kvíabryggju samkvæmt áætlun Fangelsismálastofnunar.
- Ráðherrarnir voru sammála um nauðsyn þess að vinna að framkvæmd áætlunarinnar en tímasetning einstakra framkvæmda réðist af langtímaáætlun fjárlaga og undirbúningi verksins.

Í september 2005 skilaði Stefán P. Eggertsson verkfræðingur ítarlegri skýrslu um uppbyggingu fangelsanna, en hann hafði verið ráðinn af dómsmálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu til að gera frumathugun á verkinu og að vera verkefnastjóri framkvæmda. Nú hefur fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006 verið samþykkt. Þar er veitt 50 milljónum króna til að hefja framkvæmdir á Akureyri auk þess sem gert er ráð fyrir að framkvæmdir við Kvíabryggju verði fjármagnaðar með ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum.

Samkvæmt þessu ætti endurbótum á Kvíabryggju að ljúka á áætluðum tíma í september 2006. Samningur við hönnuði Fangelsisins Akureyri var undirritaður í október sl. og er gert ráð fyrir að aðaluppdrættir verði samþykktir fyrir áramót. Stefnt er að því að bjóða verkið út 2006 og að framkvæmdum ljúki 2007.

Áfram verður unnið að gerð frumáætlunar varðandi Fangelsið Litla-Hrauni þannig að unnt verði að hefja vinnu við hönnun á næsta ári. Samkvæmt upphaflegri áætlun er stefnt að því að bjóða verkið út í lok næsta árs og að ljúka því fyrir árslok 2008.

Gerð frumáætlunar varðandi fangelsið á Hólmsheiði er ekki hafin en í það verður ráðist þegar í årsbyrjun 2006. Samkvæmt upphaflegri áætlun er reiknað með talsverðum tíma í hönnun- og áætlunargerð en framkvæmdir eiga að hefjast í byrjun árs 2008 og ljúka fyrir árslok 2009.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er byggingarsaga nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu orðin 45 ára. Nú sér væntanlega brátt fyrir endann á henni enda ekki vanþörf á þar sem segja má að jafnvel töf sem telst í mánuðum skapi vandræði. Það sem einkum veldur því eru eftirfarandi atriði:

- Hegningarhúsið hefur um áratuga skeið verið rekið á undanþágum og rekstrarleyfi rennur út í febrúar 2006. Að mati Fangelsismálastofnunar á að taka húsið úr notkun sem fangelsi eins fljótt og mögulegt er.
- Fangelsið Kópavogsbraut 17 er allsendis ófullnægjandi til að hýsa langtíma kvenfanga og á auk þess að hverfa samkvæmt skipulagi bæjarins á næstu árum.
- Í bráðabirgðaskýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins, CPT-nefndar, segir eftir heimsókn hennar sumarið 2004 að óásættanlegt sé að gæsluvarðhaldsfangar skuli vistaðir í Hegningarhúsinu enda standist það ekki nútímakröfur sem gerðar eru til slíkra fangelsa.
- CPT-nefndin ítrekar í skýrslunni sinni frá árinu 1998 kröfu um að íslensk stjórnvöld setji byggingu nýs gæsluvarðhaldsfangelsis í Reykjavík í algeran forgang.
- Vinna að markmiðum Fangelsismálastofnunar varðandi afplánun fanga og þá einkum meðferðaráætlun samkvæmt nýjum lögum um fullnustu refsinga fer ekki af stað að neinu marki fyrr en flutt hefur verið í nýtt fangelsi á Hólmsheiði.

Í álit meirihluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáráukalaga segir þar sem fjallað er um fangelsismál að meiri hlutinn fagni fyrirbyggjandi stefnumörkun Fangelsismálastofnunar um heildaruppbyggingu fangelsanna og leggi áherslu á að þær áætlanir standist. Á þessari stundu er því full ástæða til að ætla að einlægur vilji og full samstaða stjórnvalda sé fyrir hendi til að ljúka uppbyggingu fangelsanna samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur.

13. desember 2005

Valtýr Sigurðsson (sign)